



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 31/2010

Erindi Íslandspósts hf. um að minnka þjónustu við bæinn Láganúp, 451 Patreksfirði.

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 2. júní 2010, óskaði Íslandspóstur eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) að stofnunin gæfi leyfi til að hætta dreifingu til Láganúps, 451 Patreksfirði. Til vara setti Íslandspóstur fram þá kröfu að bréfaþjónusta yrði fluttur að Hænuvík, sbr. 16. grein reglugerðar nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, þ.e. að viðurkennt yrði að heimili sé staðsett langt utan byggðar. Önnur varakrafa Íslandspósts var að dreifidögum yrði fækkað í einu sinni í viku þar sem árlegur kostnaður við dreifingu á bæinn sé allt að sex sinnum hærri en meðalkostnaður.

Röksemdir Íslandspósts voru m.a. eftirfarandi:

Aðeins sé búseta hluta úr ári.

Í erindi Íslandspósts kemur fram að vitað sé til þess að aðeins sé búseta á bænum yfir sumartímann og fram á haust. Engin búseta virðist vera á bænum yfir vetrartímann en á hverju ári sé óskað eftir pósthjónustu að vori til. X¹ sé skráður eigandi að bænum og sé einnig með skráða búsetu þar auk þess sem hún sé með skráða búsetu að Strandgötu 11 á Patreksfirði. Samkvæmt lögum um lögheimili skuli íbúi vera skráður þar sem hann raunverulega býr stærri hluta ársins. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 364/2003 um alþjónustu sé ekki skylda að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljist til hálendis. Í þessu tilfalli viðist vera um auðljósa

¹ Nafn kvartanda afmáð vegna trúnaðar.

sumarbúsetu að ræða en þó nokkur kostnaður falli til vegna þessarar dreifingar. Íslandspóstur verði að gæta ráðdeildar í rekstri og telji að það sé skylda fyrirtækisins að sinna þeim íbúum sem búa og starfa í sveitum, en ekki þeim sem séu þar í frístundum.

Nauðsynleg hagræðing í rekstri Íslandspósts

Í erindinu segir jafnframt að Íslandspóstur njóti engra opinberra styrkja og þurfi að reka sig á sjálfsaflafé. Minna póstmagn og lægri tekjur séu staðreynd, en á sama tíma hafi dreifingarkostnaður aukist umtalsvert á síðustu misserum. Því verði Íslandspóstur að hagræða í dreifingunni sem og öðrum hluta rekstrarins og ganga eins langt og lög og reglugerðir leyfa. Vegalengd frá næsta bæ sé 11,2 km og kostnaður við að aka þessu einu heimreið sé hár, en árlegur kostnaður við dreifingu til þessa aðila sé allt að sex sinnum hærri en meðalkostnaður við dreifingu í sveitum. Þetta sé ein lengsta heimreið sem fyrirtækið þekki til að einum bæ á Íslandi. Fram og til baka sé vegalengdin 22,4 km og fara þurfi 156 ferðir á ári þar sem borgað sé 105 kr. fyrir hvern km. Kostnaður á ári nemi því kr. 366.912.

Mynd. Akstursleið Íslandspósts –gul lína.



Þá vísar Íslandspóstur til 14. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu en ákvæðið er svohljóðandi:

„Sendingu má afhenda viðtakanda með eftirfarandi hætti:

- a) Með því að hún er sótt á afgreiðslustað póstrekanda;*
- b) Með útburði til viðtakanda eftir því sem pósthfang segir til um;*
- c) Með því að láta hana í pósthólf, sem viðtakandi tekur á leigu á afgreiðslustöðum.“*

Telur Íslandspóstur að með því að bjóða einnig fram valkosti a) og c) þá sé skilyrðum um afhendingu uppfyllt.

II.

Málsmeðferð

1.

Athugasemdir ábúanda Láganúps

Með bréfi PFS, dags. 21. júní sl., var ábúanda Láganúps gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi kröfur Íslandspósts. Óskað var eftir athugasemdum varðandi aðalkröfu, sem og varakröfur Íslandspósts.

Athugasemdir ábúanda bárust PFS með bréfi, dags. 1. júlí sl. þar sem kröfum Íslandspósts er harðlega andmælt. Þar er því haldið fram að erindi Íslandspósts sé fjarri öllum sannleika, réttlæti og lagaskyldum fyrirtækisins. Telur ábúandi þessa framkomu við viðkvæmustu byggðir landsins vítaverða og gerir kröfu um að pósthjónusta verði ekki með lakari hætti en verið hefur.

Varðandi það sjónarmið Íslandspósts að bærinn sé staðsettur langt utan byggðar segir ábúandi að ekkert hafi breyst um staðsetningu Láganúps frá landnámi. Þetta sé lögbýli og heimilisfastur íbúi þess sé á sama stað innan byggðar í Vesturbyggð eins og verið hefur.

Ábúandi mótmælir þeirri staðhæfingu Íslandspóst að aðeins sé búseta að Láganúp hluta úr ári, eða yfir sumartímamann og fram á haust. Búseta sé á Láganúpi allt árið og þar sé lögheimili og föst búseta ábúanda. Byggð í Kollsvík hafi átt í vök að verjast eins og á öðrum jaðarsvæðum og íbúum fækkað. Þó ekki sé þar mikill bústofn sé jörðin þó enn nýtt til búskapar, sjósókn stunduð að sumrum og umsvif í ferðahjónustu hafi aukist með hverju ári. Leggur ábúandi áherslu á að hún sé búsett á Láganúpi allt árið og sinni þeim störfum sem þurfi þó aldurinn sé að færast yfir. Auk þess sé verulega mannmargt á sumrin. Ábúandi hafi aðeins verið að heiman yfir hörðustu vetrarmánuðina og dvelur þá á Patreksfirði í íbúð. Það sé gert m.a. með það í huga að spara opinberum sjóðum snjómokstur og um leið spara Íslandspósti akstur með pósti. Þá mótmælir ábúandi því að hún sé einnig með búsetu á Patreksfirði, hún hafi hvorki verið með lögheimili né fasta búsetu á Patreksfirði.

Í erindi Íslandspóst segir að kostnaður við að aka þessa einu *heimreið* sé hár og þetta sé ein lengsta *heimreið* sem fyrirtækið þekki. Ábúandi bendir á að umræddur vegur sé ekki heimreið, heldur sé hann hluti af þjóðvegakerfi landsins og um það geti Vegagerðin vottað.

Ábúandi mótmælir þeirri staðhæfingu Íslandspósts að fjöldi ferða árlega sé 156 á ári og kveður hana ranga, líkt og sjá megi af áðurnefndri staðhæfingu fyrirtækisins að ekki séu farnar ferðir að Láganúpi yfir vetrartímamann. Telur ábúandi þá samninga sem Íslandspóstur hafi gert við dreifingaraðila ekki sýna fram á vilja fyrirtækisins til að gera hagkvæma samninga og reka fyrirtækið með lágmarkstilkostnaði. Ekkert vit sé í að greiða fyrir ferðir sem ekki séu eknar.

Þá hafnar ábúandi þeirri varakröfu Íslandspósts að bréfastassi verði fluttur að Hænuvík og þeirri kröfu fyrirtækisins að viðurkennt verði að heimili sé staðsett langt utan byggðar. Segir ábúandi það hreina firru og hafnar því að staðsetning póstkassa verði flutt á annað landshorn.

Þeirri varakröfu að dreifingardögum verði fækkað er einnig mótmælt af hálfu ábúanda og telur hún það brot gegn jafnræði. Þá ítrekar ábúandi þá ábendingu sína að Íslandspóstur sé að greiða fyrir fjölda pósthjónusta sem ekki séu farnar og bendir fyrirtækinu á að vanda til rekstrar og samningsgerðar.

Þá telur ábúandi sjónarmið Íslandspósts um aðrar lausnir fyrir íbúa ekki svaraverð og ítrekar rétt sinn til pósthjónustu samkvæmt lögum og reglugerðum. Verði brotið gegn þeim muni ábúandi verja hendur sínar eftir þeim leiðum sem færar eru.

2.

Athugasemdir Íslandspósts við bréf ábúanda

Í tilefni af athugasemdum ábúanda var Íslandspósti gefið tækifæri til að tjá sig um þær með bréfi PFS dags. 9. júlí sl. Athugasemdir fyrirtækisins bárust með bréfi dags. 22. júlí sl.

Í bréfinu bendir Íslandspóstur á að fyrirtækið starfi samkvæmt lögum um pósthjónustu og reglugerðum. Lög og reglugerðir geri ráð fyrir undanþágum þegar kemur að þjónustutíðni til einstakra bæja og einnig sé heimild til að færa til bréfastofna skv. reglugerð 364/2003 um alþjónustu.

Í bréfi sínu telur Íslandspóstur ekki rétt að svara öllum athugasemdum ábúanda en fellur frá aðalkröfu sinni um að hætt sé póstdreifingu á bæinn Láganúp ef búseta sé með þeim hætti sem ábúandi segir í bréfi sínu. Óskað er eftir að PFS taki afstöðu til varakrafna fyrirtækisins.

Varðandi þá athugasemd ábúanda að notast sé við orðalagið *heimreið* fellst Íslandspóstur á að það sé ónákvæmt orðalag og eðlilegra væri að tala um akstursvegaleið frá næsta bæ. Það breyti þó engu um það að þetta ein lengsta akstursleið milli bæja á Íslandi.

Þá svarar Íslandspóstur þeirri athugasemd ábúanda að það sé furðulegt að samningar séu gerðir við landpósta á þann veg að greitt sé fyrir þær ferðir sem ekki séu eknar. Íslandspóstur sé með 75 landpósta í starfi sem dreifi til um 6000 heimila í sveitum. Íslandspóstur dreifi til íbúa í sveitum, ekki til þeirra sem séu þar í frístundum. Kerfið sé þannig uppbyggt og því séu samningar við landpósta á þennan veg. Ákveðin reglufesta verði að vera í samningum við landpósta þannig að þeir séu tilbúnir til að taka að sér verkefnið, þeir reikni með föstum tekjum en ekki sveiflubundnum eftir búsetu einstakra íbúa.

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög um pósthjónustu nr. 19/2002 og reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003

Áður en lög um pósthjónustu nr. 19/2002 tóku gildi var það í höndum Íslandspósts að ákveða hve oft pósti var dreift í dreifbýli. Með lögnum tóku gildi ákvæði sem mæltu fyrir um skyldu til að bera út póst til landsmanna alla virka daga, sbr. 21. gr. laganna. Markmið laganna er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um allt land og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu. Lögin eiga uppruna sinn m.a. að rekja til tilskipunar 97/67/EB sem tekin hefur verið inn í EES samninginn.

Samkvæmt 21. gr. laganna skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

Ákvæði 6. gr. laganna fjallar um hvað felist í alþjónustu. Þar kemur m.a. fram að íslenska ríkið skuli tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Í 2. mgr. ákvæðisins segir síðan m.a. að PFS skuli tryggja að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur og að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta. Þá segir að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003 var sett með stoð í 6. og 35. gr. laga um pósthjónustu. Í reglugerðinni er nánar kveðið á um réttindi og skyldur neytenda og Íslandspóst sem og hlutverk PFS. Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um útburð á póstsendingum ásamt því að hugtökin kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hafa verið skýrð nánar. Í heild sinni er ákvæðið svohljóðandi:

„Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvaðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu öllu eða á viðkomandi svæði eftir því sem við á.

Telji rekstrarleyfishafi að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum er honum heimilt að senda Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar eða lélegs vegasambands.

Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.“

Eins og sjá má af ofangreindum réttarheimildum er meginreglan að skylda Íslandspóst nær til þess að bera út póst til allra heimila og fyrirtækja alls staðar á landinu. Á sama hátt er það réttur móttakanda að fá bornar út til sín póstsendingar á hverjum degi. Undantekningar eru þó á þessari meginreglu ef rekstraraðili telur að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum. Ef það á við getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt rekstraraðila undanþágu frá skyldu til að bera út póst alla virka daga á tilteknum stöðum.

2.

Ákvæði tilskipunar 97/67/EB um pósthjónustu

Íslensk löggjöf um pósthjónustu á uppruna sinn að rekja til EES samningsins og þeirrar skyldu íslenska ríkisins að innleiða inn í íslenska löggjöf þær tilskipanir sem teknar eru inn í samninginn. Um pósthjónustu gildir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu. Auk þess hefur verið innleidd í íslenskan rétt tilskipun 2002/39/EB frá 10. júní 2002 um breytingar á ofangreindri reglugerð.

Markmið alþjónustu kemur fram í 12. gr. inngangsorða reglugerðarinnar en þar segir:

„Markmiðið með altækri (alþjónusta innsk. PFS) þjónustu er að veita öllum notendum greiðan aðgang að póstdreifingu, einkum með því að veita aðgang að nægilega mörgum afgreiðslustöðvum og með því að tryggja viðunandi skilyrði að því er varðar tíðni uppsöfnunar og afhendingar. Altæk þjónusta verður að uppfylla þá grundvallarþörf að

tryggja samfellda starfsemi en jafnframt þarf að vera unnt að laga hana að þörfum neytenda og tryggja þeim sanngjarna meðferð án mismununar.“

Í 3. tl. 3. gr. tilskipunarinnar er fjallað um skyldur alþjónustuveitanda þegar kemur að útburði póstsendinga innan alþjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Þau skulu gera ráðstafanir til að sjá til þess að veitendur altækrar þjónustu tryggi að á hverjum virkum degi og eigi sjaldnar en fimm daga í viku, nema við kringumstæður eða landfræðileg skilyrði sem innlend stjórnsýsluyfirvöld telja sérstök, fari fram að minnsta kosti: -ein uppsöfnun, -ein afhending til heimilis eða athafnasvæðis allra einstaklinga og lögpersóna eða, í undantekningartilvikum, við skilyrði sem innlenda stjórnsýsluyfirvaldið ákveður, ein afhending til hentugs staðar.“

Ofangreind meginregla, sem einnig er að finna í lögum um pósthjónustu, að alþjónustuveitandi skuli bera út póstsendingar innan alþjónustu á hverjum virkum degi kemur einnig skýrt fram í tilskipuninni.

Að mati PFS er nauðsynlegt að höfð sé hliðsjón af ofangreindu ákvæði tilskipunarinnar, enda hefur Ísland skuldbundið sig til að fara eftir ákvæðum EES samningsins og regluverki hans. Þá ber PFS að tryggja, skv. 5. mgr. 6. gr. laga um pósthjónustu, að staðið sé við skyldur ríkisins um pósthjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

3.

Krafa Íslandspósts um að stöðva póstdreifingu

Aðalkrafa Íslandspósts er að PFS samþykki að fyrirtækið þurfi ekki að bera út póst á bæinn Láganúp þar sem vitað sé til þess að búseta sé þar aðeins hluta úr ári en samkvæmt lögum um lögheimili skuli íbúi vera skráður þar sem hann raunverulega býr meirihluta ársins. Auk þess sé bærinn staðsettur langt utan byggðar.

Vísar Íslandspóstur til 10. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu máli sínu til stuðnings. Samkvæmt ákvæðinu sé ekki skylda að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.

Í athugasemdum ábúanda sem bárust PFS með bréfi dags. 2. júní sl., er þessari kröfu Íslandspóst mótmælt og fullyrt að búseta sé á Láganúpi allt árið. Þar hafi ábúandi fasta búsetu og lögheimili þó svo hún dveljist á Patreksfirði í nokkrar vikur yfir hávetrartímann.

Í heild sinni er ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi:

„Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvæðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu öllu eða á viðkomandi svæði eftir því sem við á. Telji rekstrarleyfishafi að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum er honum heimilt að senda Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi

*póstþjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar eða lélegs vegasambands.
Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.“*

Við mat á því hvort Íslandspósti verði heimilt að hætta póstdreifingu á bæinn Láganúp verður að skýra undantekningar frá meginreglunni um að fyrirtækinu beri að bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu þröngt. Meginreglan kemur einnig fram í 21. gr. laga nr. 19/2002 um póstþjónustu en þar segir að PFS skuli tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Í 6. gr. laganna segir að íslenska ríkið skuli tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Í 3. mgr. ákvæðisins er skilgreint nánar hvað felist í þessu.

Að mati PFS er ekki hægt að fallast á að póstdreifing verði stöðvuð á bæinn Láganúp vegna þeirrar ríku skyldu sem hvílir á Íslandspósti að veita öllum landsmönnum þjónustu, sbr. 2. gr. laga um póstþjónustu. Samkvæmt ákvæðinu er markmið laga um póstþjónustu að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um allt land og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu. PFS getur ekki fallist á að undantekningarákvæði 10. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd póstþjónustu eigi við, þar sem Íslandspósti hefur ekki tekist að færa sönnur á því að aðeins sé búið á bænum lítinn hluta úr ári og því geti bærinn ekki flokkast sem sumarhús í skilningi reglugerðarinnar.

Þá verður heldur ekki fallist á að hægt sé að heimila stöðvun á póstdreifingu á þeim forsendum að Láganúpur sé staðsettur langt utan byggðar. Samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar skal PFS taka tillit annars vegar til mikilvægi póstþjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar og lélegs vegasambands. PFS telur að stöðvun á póstþjónustu væri of íþyngjandi fyrir ábúanda Láganúps sem hefur mikla hagsmuni af því að fá póst, auk þess sem frekar ætti að koma til skoðunar að beita vægari úrræðum sem ekki eru jafn íþyngjandi.

4.

Varakrafa Íslandspósts að bréfaþáttum verði fluttur að Hænuvík

Varakrafa Íslandspósts er að bréfaþáttum að Láganúpi verði fluttur að Hænuvík. Óumdeilt er að Láganúpur telst til dreifbýlis í skilningi reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd póstþjónustu. Ákvæði um staðsetningu bréfaþátta í dreifbýli er að finna í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd póstþjónustu. Í heild sinni er ákvæðið svohljóðandi:

„Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á.

Við val á staðsetningu bréfaþátta skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

Þéttbýli.

Í þéttbýli skal bréfaþáttur vera staðsettur við eða í húsi.

Þéttbýli er þegar að lágmarki 50 íbúar búa á svæði, þar sem almennt er ekki meira en 50 metra fjarlægð á milli húsa.

Dreifbýli.

Í dreifbýli skal bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfastassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu á bréfastassa.

- 1. Ef tvö eða fleiri hús eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegjar eða tengivegar.*
- 2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.*
- 3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.*

Þrátt fyrir ofangreint skal að jafnaði fara heim að húsi, þegar afhenda skal skráðar sendingar.

Almenna reglan skv. ákvæðinu er að í dreifbýli skuli bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar. Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfastassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi.

Undantekningar eru þó frá þessu og m.a. er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu á bréfastassa ef tvö eða færri hús eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegjar eða tengivegar, sbr. 1. tl. 4. mgr. ákvæðisins. PFS telur að ekki sé hægt að taka eingöngu mið af þessari undantekningarreglu, eins og hér háttar til, heldur verði að horfa til fleiri þátta vegna landfræðilegra aðstæðna á því svæði sem um ræðir. Á svæðinu er um að ræða þrjá tengivegi sem þjónusta samtals 10 íbúðarhús auk gistiheimilis og safns, en fara þarf um 615 Örlygshafnarveg til að þjónusta íbúa sem búa við 615 Kollsvíkurveg og 614 Rauðasandsveg. eru þessir staðhættir þess valdandi að 1. tl. 4. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar verður ekki beitt með góðu móti til þess að ákvarða staðsetningu bréfastassa.

Við mat á því hvort íbúðarhús teljist vera staðsett svo langt utan við eðlilegt dreifikerfi Íslandspósts verður því að horfa til undantekningarákvæðis 3. tl. 4. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um tilvik þegar hús er staðsett langt utan við almenna byggð. Bærinn Lágínúpur stendur við enda 615 Kollsvíkurvegar. Kollsvíkurvegur flokkast sem tengivegur samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar fram að Hænuvík en frá Hænuvík að Lágánúpi flokkast vegurinn sem landsvegur. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er lengd vegarins frá 612 Örlygshafnarvegi að Lágánúpi 20,48 km. og eru fjórir bæir í þjónustu á öllum veginum. Lágínúpur er síðasti bærinn í þjónustu og þarf að aka um langan veg til að þjónusta þennan eina bæ, en fjarlægð hans við Hænuvík er 11,78 km.

PFS telur að einnig verði að líta til skilgreininga vegalaga nr. 80/2007 eftir því sem við á, sbr. 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu þar sem bærinn stendur við landsveg. Samkvæmt skilgreiningu d.-liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga á þjóðvegum landsins eru landsvegir vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum öðrum vegflokkum og aflagðir byggðavegir að eyðilendum. Á vegum þessum skuli yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðarbundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum. Við mat á því hvort Lágínúpur sé staðsettur langt utan við almenna byggð telur PFS að líta verði til þessarar skilgreiningar.

Kostnaðurinn við útkeyrsluna er afar hár eins og fram kemur í erindi Íslandspósts en fallast verður á það sjónarmið Íslandspósts að ekki sé hægt að ætlast til þess að fyrirtækið greiði

aðeins fyrir þær ferðir sem eknar eru þar sem erfitt væri að fá verktaka til að sinna slíkri póstdreifingu þar sem tekjur væri svo sveiflukenndar.

Þá telur PFS að fallast verði á það með Íslandspósti að kostnaðurinn við útkeyrsluna að þessum eina bæ sé afar hár.

Að öllu framangreindu virtu og þegar litið er til ákvæðis 3. tl. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu sem mælikvarða um þéttleika byggða telur PFS að ekki sé annað hægt en að fallast á það með Íslandspósti að bærinn Láganúpur sé staðsettur langt utan við almenna byggð og því eigi undantekningarákvæði 16. gr. reglugerðarinnar við. Íslandspósti er því heimilt að færa bréfabakka ábúanda Láganúps að Hænuvík. Þessi niðurstaða kemur þó ekki í veg fyrir það að ábúendur geti nýtt sér það að fá sendan póst í pósthólf skv. 3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar eða að ábúendur semji við Íslandspóst um fækkun dreifingardaga miðað við óbreytta staðsetningu bréfabakka.

Hvað varðar sjónarmið ábúanda á Láganúpi um að kostnaður við dreifingu ætti ekki að vera eins mikill og Íslandspóstur heldur fram, þar sem ferðir landpósta falli oft niður yfir vetrartímamann vegna tíðrar ófærðar, þá verður að fallast á það sjónarmið Íslandspósts að ekki sé hægt að ætlast til þess að fyrirtækið greiði aðeins fyrir þær ferðir sem eknar eru. Gera má ráð fyrir því að það væri vandkvæðum bundið að fá verktaka til að sinna slíkri póstdreifingu þar sem tekjur væri svo sveiflukenndar. Því verður að fallast á að hér sé um fastan kostnað að ræða.

Ákvörðunarorð

Aðalkröfu Íslandspóst um að hætta dreifingu á bæinn Láganúp er hafnað.

Fallist er á varakröfu Íslandspósts þess efnis að viðurkennt sé að íbúðarhús á Láganúpi sé staðsett langt utan við almenna byggð í skilningi 3. tl. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu og því sé fyrirtækinu heimilt að staðsetja bréfaþakka við Hænuvík, sbr. 4. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 19. október 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Margrét Gunnarsdóttir